

8703.3330	----- Fjórhjól	0
	----- Önnur:	
8703.3391	----- Ný	0
8703.3399	----- Notuð	0
	- Önnur:	
	-- Rafknúin:	
8703.9011	---- Ný	0
8703.9019	---- Notuð	0
	-- Önnur en rafknúin:	
8703.9091	---- Ný	0
8703.9099	---- Notuð	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júní 1996 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 30. maí 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands,
nr. 13 30. mars 1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

- a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
- b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. Eru undir yferráðum íslenskra aðila.
 - ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
 - iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, eða íslenskra lögaðila sem eru undir yferráðum íslenskra aðila.

2. gr.

Við löginn bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum um sálfræðinga,
nr. 40/1976, sbr. lög nr. 68/1988.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 68/1988, kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

3. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 68/1988, kemur: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.